

Ed.

### 391. Frumvarp til laga

[151. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Flm.: Hermann Jónasson.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsg. er hljóði svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita þeim, er verzlunarleyfi hefur, leyfi til að selja sjálfur málverk, myndir, listmuni og bækur á frjálsu uppboði, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

#### Greinargerð.

Sala listaverka og annarra listmuna hefur til þessa verið með litt viðunandi fyrirkomulagi hér á landi. Í flestum menningarlöndum heims, að Íslandi undanskildu, eru uppboð hvers konar listaverka mjög vinsælar og fjölsóttar kaupstefnur, og hafa margir Íslendingar, er utan hafa farið, kynnt slíkum kaupstefnum. Hafa mörg víðkunnustu uppboðsfirnu í Evrópu starfað óslitið öldum saman, og hefur mesti sægur listaverka og listmuna verið seldur á kaupstefnum þessara fyrirtækja, áður en þau hafa fengið varanlegan samastað.

Hér á landi hefur söluform þetta á listaverkum ekki verið reynt, þar til á árinu 1953, að reynt var að koma því á hér. En við framkvæmd þess hefur komið í ljós, að það er talið koma í bága við tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, en tilskipun þessi hefur aldrei verið birt hér á landi, en þó verið fylgt.

Í 7. gr. laga nr. 84/1933 segir svo:

„Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni. — Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.“

Framsögumaður frumvarpsins viðhafði svofelld ummæli um þessa grein í framsöguræðu sinni:

„Í 7. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að rétt sé skýrt frá um það, hvaðan þeir munir eru, sem boðnir eru upp. Ef t. d. selja á bækur eftir merkan bókamann, dregur það að sér ýmsa þá, sem áhuga hafa fyrir góðum bókum. En ef ætti að nota sér það til að koma út einhverju ómerkilegu rusli um leið, undir því yfirskini, að það væri allt frá þessum þekktu bókamanni, þá kæmi það í bága við þessi ákvæði, ef frv. verður að lögum.“ (Alþt. 1933 — B., bls. 2306.)

Í lagagreininni eru sett skýr ákvæði um framkvæmd uppboða, sem jafnt geta átt við frjáls uppboð og opinber uppboð, lögín sjálf eru um verzlunarhætti, og á því viðbót sú, sem felst í þessu frumvarpi heima í þessum lögum. Virðist eðlilegt og sjálfsagt að leyfa einstaklingum að halda frjáls uppboð á listmunum hér á landi eins og tíðkast erlendis og gefizt hefur vel þar, en þó er lagt til, þar sem þetta söluform er hér á byrjunarstigi, að viðskiptamálaráðherra veiti leyfi til þess og að það verði einungis veitt aðilum, er verzlunarleyfi hafa.